


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ	ÍSL303 Kennsluáætlun vorönn 2011	
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Kennari	Benedikt Bragason, Kristín Árnadóttir, Þórdís H. Jónsdóttir	Sk.st.	BEB, KRÁ, ÞHJ
----------------	--	---------------	---------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á íslenskar bókmenntir og sögu þeirra frá landnámsöld til siðaskipta. Nemendur fræðast um tungutak fonrímálsins, auk þess sem þeir kynnast norrænni goðafræði og hugmyndaheimi norrænna manna til forna. Nemendur fræðast um flokka sagna frá þessu tímabili og sérkenni hvers þeirra, m.a. út frá stílfraðilegum einkennum. Í áfanganum er lesin ein Íslendingasaga, valin eddukvæði og dróttkvæði auk Völuspár og hluta Hávamála. Einnig eru lesin nokkur valin helgikvæði og veraldleg kvæði frá síðmiðöldum og valdir kaflar úr konungasögum og Sturlungu.

Markmið:

Að nemandi

- rifji upp heimsmyndina sem lýst er í *Gylfaginningu*
- þekki forna bragarhætti
- átti sig á skiptingu eddukvæða í goða- og hetjukvæði, hugmyndafræði þeirra og boðskap
- þekki skáldamál dróttkvæða og eddukvæða, heiti og kenningar
- kynnist helgikvæðum og veraldlegum skáldskap frá síðmiðöldum
- kynni sér upphaf ritmennta á Íslandi og þekki helstu flokka sagna frá upphafi ritunar
- lesi valin sýnishorn úr konungasögum og Sturlungu
- lesi a.m.k. eina viðamikla Íslendingasögu og geti gert grein fyrir efni hennar

Námsgögn:

- *Leiðslubók* e. Jón Árna Friðjónsson, frá 1997 og síðar
- *Ormurinn langi* e. Braga Halldórsson, Knút S. Hafsteinsson og Ólaf Oddsson, frá 2005 og síðar
- *Laxdæla saga* í útgáfu Máls og menningar frá 1993 og síðar. Athugið að *Laxdæla* er einnig til í ýmsum öðrum útgáfum.


Áætlun um yfirferð:

6 - 7. janúar

Kynning á áfanganum og námsefninu.

1. lota 10. janúar – 4. febrúar

Stutt upprifjun á helstu frásagnarpáttum *Gylfaginningar* (*Leiðslubók* bls. 9 - 18). Farið verður í **eddukvæði** með megináherslu á Völuspá og Hávamál (*Ormurinn langi* bls. 7 – 70, *Leiðslubók* bls. 19 – 24).

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ	ÍSL303 Kennsluáætlun vorönn 2011	
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

2. lota 7. - 25. febrúar

Dróttkvæði, helgikvæði og veraldlegur kveðskapur frá síðmiðöldum: Áhersla er lögð á bragfræðileg einkenni og sérhæft skáldamál dróttkvæða (*Leiðslubók* bls. 24 – 28, *Ormurinn langi* bls. 92, 109, 111). Farið yfir valdar dróttkvæðar vísur (*Ormurinn langi* bls. 94 – 97, 110). Einnig er fjallað um helgikvæði og veraldleg kvæði frá síðmiðöldum og lesin valin dæmi (*Ormurinn langi* bls. 141 – 157, *Leiðslubók* bls. 63 – 67).

Lotunni lýkur með prófi úr eddukvæðum, dróttkvæðum, helgikvæðum og veraldlegum kvæðum sem gildir 30% af lokaeinkunn.

3. lota 28. febrúar – 11. mars

Upphaf ritunar og sagnabókmennta: Kynning á því fyrsta sem ritað var á íslensku og helstu flokkum sagnabókmennta. Megináherslan verður lögð á helstu sérkenni Íslendingasagna hvað varðar stíl, byggingu og persónusköpun, en einnig verður fjallað um aðra flokka sagna, s.s. konungasögur og samtímasögur og lesin valin dæmi úr þeim flokkum (*Ormurinn langi* bls. 113 – 140, *Leiðslubók* bls. 29 – 62).

4. lota 14. mars – 29. apríl (ath. að páskafrí kemur inn í þessa lotu)

Laxdæla: Kynning og inngangur. Lesinn inngangur sögunnar („Um Laxdælu“ bls. vii – xxv) og farið yfir hana í áföngum. Unnin verkefni með ýmsu móti, m.a. rafrænt, en lotunni lýkur með krossaprófi úr sögunni sem gildir 10% af lokaeinkunn.

Verkefni, námsmat og vægi námsþátta:

Próf úr kvæðum af ýmsu tagi (1. lota)	30%
Krossapróf úr Laxdælu	10%
Lokapróf annar	60%

Lágmarkseinkunn á prófi verður að vera 4.5. til að verkefni og próf yfir önnina séu metin til lokaeinkunnar í áfanganum.

Nemandi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur verkefnaskil annarinnar, skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann próftökurétt sinn.

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils